

Fundargerð

5.fundur.

Fundur í fræðslu- og menningarnefnd haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn þann 7.des. kl. 17:00.

Mætt voru: Hilma Steinarsdóttir, Guðni Örn Hauksson, Steinunn Guðnadóttir, Rósa Magnúsdóttir, Helgi V. Tryggvason, Óskar Óskarsson, Drífa Aradóttir, María Guðmundsdóttir og Jóhannes Sigurður Jónsson.

Dagskrá.

1. Mál. Kosning varaformanns.

Samþykkt var að fresta því máli til næsta fundar.

2. Mál. Skýrsla leikskólastjóra.

Steinunn dreifði uppkasti að foreldrahandbók og fór lauslega yfir það. Hún sagði einnig frá því að ráðningarmál á leikskólanum væru í vinnslu.

Rósa sagði frá því að starfið gengi mjög vel. Starfsmenn fóru á námskeiðið “Verndum þau” sem fjallaði um ofbeldi gagnvart börnum og var almenn ánægja með það. Nefndin hvetur Langanesbyggð til að gefa áhugasömum starfsmönnum kost á að sækja starftengd námskeið sem efla starfsmanninn og auka færni hans.

3. Mál. Skýrsla skólastjóra.

María sagði frá því að starfið gengi vel og t.d. hefðu heimsóknir góðra gesta t.d. nemenda úr Svalbarðsskóla verið mjög skemmtilegar. Ræddar voru ýmsar hliðar félagslífs nemenda grunnskólanna og nefndin samþykkir að stefna að því að fá íþrótt- og tólmstundafulltrúa á næsta fund til skrafs og ráðagerða.

Arnar sagði frá starfi undanfarinna vikna. Sérkennsla er orðin stór þáttur í skólastarfinu og stefnir í að hana þurfi enn að auka næsta vetur. Unnið er að því að fá foreldranámskeið um samskipti og aga. Það eru enn ákveðin agavandamál í gangi, sérstaklega í einum bekknum. Nefndin leggur þunga áherslu á að finna leiðir til að koma aganum í lag. Til þess þurfa skólastjóri, kennarar og skólaþjónustan að vinna saman en nokkuð virðist skorta á það. Nefndin mælir með að fjárveiting verði fengin til að fá stuðningsfulltrúa í hlutastarf til að vera inn í bekknum. Nefndin mun fylgja þessu máli eftir á næsta fundi.

4. Mál. Bygging sérkennslustofu í Grunnskólann á Þórshöfn.

Farið var yfir greinagerð frá Önnu sérkennara. Nauðsynlegt er að útbúa sérkennslustofu þar sem sú mikilvæga og viðkvæma starfsemi hafi athvarf. Nefndin mælir með að fjárveiting fái til þessa en kostnaður er áætlaður um kr. 200.000,-.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 19.20.

Guðni Örn Hauksson, ritari.